

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, fimmtudaginn 1. desember 2022 og hófst kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir. Anna Sigríður Þráinsdóttir og Luciano Dutra mættu ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1) Starf Íslenskrar málnefndar árið 2023

Næsta starfsár er síðasta starfsár Íslenskrar málnefndar sem nú er skipuð. Megináhersla í starfi næsta árs er fjölmeningarsamfélagið og verður það höfuðatriði ályktunar um stöðu íslenskrar tungu árið 2023. Erindi á málræktarþingi 2023 munu einnig fjalla um fjölmeningarsamfélagið. Áætlað er að málræktarþingið verði haldið 28. september. Einnig er gert er ráð fyrir að halda málþing í maímánuði um sambýli íslensku og ensku. Rætt var um hugsanlega fyrirlesara á málþingunum.

### 2) Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 16:35.

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.